

32 að gjöra nýja samþykkt um málið og fá hana staðfesta af hlutadeigandi amtmanni, og 12. marz. virðist þessi vegur, sem er lögum samkvæmur, hljóta að vera litlum erfiðleikum bundinn, þar sem hér er að ræða um almennt áhugamál, einkum eptir að það er orðið hlutadeigendum kunnugt, hvaða atriði það var, sem var því til fyrirstöðu, að hin ofanumgetna samþykkt gæti náð staðfestingu amtmannsins.

33 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um skyldu sýslunefndar 17. marz. til að gjöra ráðstafanir til að afstýra hallæri í sýslunni. — Þaræð óttast má fyrir að mikil bjargarvandræði kunni að koma uppá í Gullbringusýslu nú á útmánuðunum, ef fiskileysið heldur áfram, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir hlutadeigandi sýslumanni þá skyldu sýslunefndarinnar, að gjöra í tíma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að afstýra hallæri, og að minna hann á, að sýslunefndin á kost á að fá í þessu augnamiði lán úr landssjóði að þar til fengnu samþykki amtsráðsins eða yðar sem hlutadeigandi amtmanns fyrir amtsráðsins hönd með þeim kjörum, er stjórnin og alþingi síðar ákveði.

34
21. marz.

Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi dags. 27. f. m. samþykkt:

1. að eptirleiðis verði bætt við tveimur aukapóstum í Árnessýslu, er gangi út frá Hraungerði, þegar eptir komu Reykjavíkurbóstsins þangað, og fari annar að Arnarbæli í Grímsnesi en hinn ofaná Eyrarbakka;

2. að stofnaðir verði brjefhirðingarstaðir í Arnarbæli í Grímsnesi og á Eyrarbakka í Stokkseyrarhreppi.

Reykjavík 21. marz 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 4.

Samþykktar tillögur bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um að verja 200 kr. (sbr. Stjórnartíð. þ. á. B. 17) til að byrja að ræsa fram Vatnsmýrina.

16. gr.

Veittar 281 kr. 5 a. til útgáfu á íslenzku orðasafni eptir rektor, dr phil., Jón Þorkelsson. Justitiarius Jóni Þjeturssyni veittur 200 kr. styrkur til að koma á prent nýrri endurskoðaðri útgáfu af hinum íslenzka kirkjurjetti.

SÝSLUN VEITT.

10. marz var alþingismaður, dannebrogismaður, Jón Sigurðsson á Gautlöndum skipaður umboðsmaður yfir Norðursýslu- og Reykjadalssjórdum og ³/₄ Flateyjar frá næstkomandi fardögum.